AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 25. og 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Orkubús Vestfjarða er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrár Orkubús Vestfjarða nr. 357 og 358 24. ágúst 1993:

Raforka.

Taxti A.2 Skammtímanotkun.

Taxtinn er lagður niður og notendur eru færðir á taxta A.1. Orkugjald þessara notenda lækkar úr 9,04 kr/kWh í 6,04 kr/kWh.

Taxti A.5 Markmæling.

Orkugjald af allri notkun hækkar úr 2,45 kr/kWh í 2,48 kr/kWh. Sérstakur afsláttur lækkar úr 0,244 kr/kWh í 0,18 kr/kWh.

Taxtar C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald hækkar úr 3,35 kr/kWh í 3,37 kr/kWh. Sérstakur afsláttur lækkar úr 0,34 kr/kWh í 0,26 kr/kWh.

Taxtar C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald hækkar úr 2,26 kr/kWh í 2,29 kr/kWh. Sérstakur afsláttur lækkar úr 0,40 kr/kWh í 0,26 kr/kWh.

Hitaveitur.

Taxtar H490/H499 Orka og vatnsmagn.

Orkugjald hækkar úr 2,72 kr/kWh í 2,84 kr/kWh. Rúmmetragjald lækkar úr 24,23 kr/m^3 í 20,00 kr/m^3. Sérstakur afsláttur lækkar úr 0,29 kr/kWh í 0,21 kr/kWh.

Taxti I480 Vatnsmagn.

Rúmmetragjald hækkar úr 113,00 kr/m^3 í 136,00 kr/m^3. Veittur er sérstakur afsláttur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis, sem er 51,00 kr/m^3. Afslátturinn takmarkast við 740 rúmmetra árlega notkun hverrar íbúðar.

Taxti H498 Orka.

Orkugjald hækkar úr 1,76 kr/kWh í 1,85 kr/kWh. Rúmmetragjald lækkar úr 15,77 kr/kWh í 13,00 kr/kWh.

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1993.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.